

## HEIMILDIR NEYÐARLAGA

Neyðarlögin sem ríkisstjórn Geirs H. Haarde beitti sér fyrir heimiliðu FME að yfirfæra tiltekna eignir og skuldir til nýju ríkisbankanna og var FME heimilað að láta meta eignirnar þ.e. útlán til viðskiptavina áður en þau voru færð yfir. Það gerði FME og í október 2008 var birtur úrskurður FME um þau efni, í honum segir m.a. "Útlán til viðskiptavina önnur en þau sem tilgreind eru hér á eftir eru færð yfir í nýja bankann á bókfærðu verði að teknu tilliti til áætlaðra afskrifta einstakra útlána".

Sjá nánar Úrsk. FME 14.sbr 19.10 2008

## FORSENDUR NEYÐARLAGA

Hér varð kerfishrun. Útlán bankanna höfðu stökkbreyst vegna gengislækkana og hruns með tilheyrandi verðbólgu. Á þessum tíma var FME einnig ljós tilvist mikils fjölda ólögmættra gengislána í bankakerfinu. Grunur lék auk þess á að bankarnir hefðu skipulagt aðför að íslensku krónunni frá ársbyrjun 2008 sbr. fyrirspurn Seðlabanka Íslands til FME þar um. Sjá einnig athugun Rannsóknarnefndar Alþingis.

## ÞÝÐING ÚRSKURÐAR FME

Úrskurðurinn frá því í október 2008 um stofnefnahag bankanna sem grundvallaðist á heimild í 5. gr. neyðarlaganna þýddi:

- a. Verðtryggð lán til einstaklinga svo sem húsnæðislán voru færð niður um tilgreint hlutfall sem enn er haldið leyndu fyrir skuldurum bankanna sem öðrum.
- b. Gengisbundin lán lögmæt sem ólögmæt voru færð niður um hlutfall sem enn er leynt en er þó meira en 50% skv. skýrslu fjármálaráðherra.
- c. Lán til fyrirtækja voru færð niður þannig að yfir 1 milljarði voru lánin metin sérstaklega hjá hverju og einu en lán sem voru lægri voru metin í "samstæðum hópum" eftir eðli starfseminnar.

Heildar afskriftirnar má lesa um í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Námu þær tæplega 50% í Landsbanka að næstum 70% í Arionbanka þar sem þær voru mestar.

Úrskurður FME frá 2008 þýddi að öll lán sem voru yfirfærð í nýju bankana bar að færa til bókar á nettó virði þeirra samkvæmt matsniðurstöðum.

## AÐGERÐIR NÝRRAR RÍKISSTJÓRNAR

Í skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna frá í mars 2011 (sem var birt 14 mánuðum eftir að málum lauk sem hún fjallar um) er lýst atburðarrás sem er ekki í samhengi við reglur neyðarlaga.

Þessi skýrsla leiddi til þess að ég hóf í apríl 2011 eftirgrennsan um þau mál sem lýst er þar.

Skemmst er frá því að segja að fjármálaráðuneytið neitaði öllum upplýsingum og tafði málið.

Því var ekki annað fyrir hendi en að vísa málinu til Úrskurðarnefndar um upplýsingamál sem kvað upp úrskurð þann 29.06 sl. Úrskurð nr. 436/2012 sem er nýbirting og finna má á vef nefndarinnar.

Úrskurðurinn sýnjaði mér um aðgang að þeim samningum um endurmat á lánasöfnum sem færð voru úr Kaupþingi hf. yfir í Arionbanka. Hann staðfestir hinsvegar að í Arionbanka var saminn listi yfir skuldara sem vinna skyldi á til ávinnings fyrir skilanevndina og að sú vinna fór fram að frumkvæði og undir verkstjórn ríkisstjórnar Jóhönnu og Steingríms. Þá staðfestir úrskurðurinn að á listanum var meðal annarra að finna nafn fyrirtækis míns B.M Vallá hf.

## RÍKISSTJÓRNIN SAMÞYKKIR AÐ VÍKJA FRÁ NEYÐARLÖGUNUM

Á fundi sínum hinn 3. mars 2009 ákvað ríkisstjórn Jóhönnu og Steingríms að hverfa frá fyrrnefndum aðgerðum sem grundvölluðust á neyðarlögum og "þeirri skjaldborg" sem neyðarlögin höfðu reist og ákvað að fórna hagsmunum íslenskra heimila og fyrirtækja í þeim tilgangi að greiða fyrir framgangi ESB umsóknar Íslands til að friðmælast við Breta og Hollendinga vegna ICESAVE.

Á fundinum í mars var ákveðið að ráða breskt ráðgjafafyrirtæki Hawkpoint til að stjórna viðræðunum.

Sögu þessara viðræðna má lesa í áðurgreindri skýrslu fjármálaráðherra frá mars 2011. Skýrslan greinir frá meginatriðum en leynir innihaldi einstakra samninga.

Skýrsluna í heild má finna á vef Alþingis, hér vil ég áréttta nokkra kafla.

Fyrst nefni ég til kafla 1.2 á bls. 5-7 sem ber nafnið SAMANTEKT sem dregur saman meginniðurstöður.

Þá kafla 2.4.5 sem ber nafnið UMGJÖRÐ SAMNINGAVIÐRÆÐNA á bls. 26-28 en sá kafla staðfestir með ótvíræðum hætti að fulltrúar "erlendu kröfuhafanna" voru eingöngu Bretar og Hollendingar vegna ICESAVE sbr. eftirfarandi tilvitnun í skýrsluna á bls. 28 eftir að búið var að telja upp alla erlendu ráðgjafana og lögmannsfyrirtækin og síðan fulltrúa Breta og Hollendinga " OG DEUTSCHE BANK UNDIR LOK VIÐRÆÐNANNA."

## MISJÖFN STAÐA BANKANNA OG SKILANEFNDA

Á bls. 29 í skýrslunni gefur að líta yfirlit um helstu álitæfni og niðurstöður. Þar má lesa að staða Gamla Kaupþings gagnvart Nýja Kaupþingi var miklu verri en staða hinna gömlu bankanna.

Skilanefnd Kaupþings SKULDAÐI nefnilega nýja bankanum 38 milljarða eftir að FME hafði fært yfir þær eignir og skuldir sem gert var á grundvelli þeirra úrskurðar. Í hinum bönkunum var staðan sú að nýju bankarnir skulduðu þeim gömlu.

Allt sem ég fjalla um hér á eftir á því við um Arionbanka og Kaupþing og þátt ríkisstjórnarinnar þar sem þeir samningar eru sérstakir vegna þessarar skuldar skilanefndarinnar.

Það sem er að framan sagt hér um áhrif úrskurða FME gildir þó um þá alla.

Á bls. 50-58 í skýrslunni margræddu gefur að líta lýsingu á því hvernig íslenska ríkið afhenti skilanefnd Kaupþings sem fulltrúa erlendra kröfuhafa nýja bankann og gaf þeim veiðileyfi á skuldara nýja bankans til að láta þá standa undir hallanum sem skilanefndin var í.

Hér segir sig sjálf að til þess að hafa einhvern árangur var ekki neitt jafnræði gagnvart skuldurum heldur var sótt að þeim sem "eitthvert slátur" var í. Einstaklingum jafnt sem fyrirtækjum.

## MINN MÁLAREKSTUR

Síðastliðna 16 mánuði hef ég rekist í því við fjármálaráðuneytið og síðan úrskurðarnefnd um upplýsingamál að fá þessi gögn afhent eins og mér ber réttur til skv. upplýsingalögum.

Þótt ég hafi enn ekki fengið sjálfa samningana nema að takmörkuðu leyti hefur úrskurðarnefndin staðfest.

Að í samningi um sérstök og skilyrt virðisréttindi sem lesa má um á bls. 53 í skýrslunni margnefndu sé að finna lista yfir skuldara sem vinna megj á, einskonar "veiðilista" um þá sem herja mátti á.

Að á þeim lista var m.a. að finna nafn fyrirtækis míns B.M. VALLÁ hf. um önnur efni samningsins hvílir enn leynd.

## NÝTT ERINDI

Í ljósi þessarar niðurstöðu og sérstaklega vegna frávísunar nefndarinnar á hluta erindis míns þar sem ráðuneytinu hafi ekki gefist tækifæri til umfjöllunar hef ég nú ritað fjármálaráðuneytinu nýtt erindi sem fylgir hér í fylgisskjali.

Víglundur Þorsteinsson